

Verndarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Höfundur Dagbjört Rún Guðmundsdóttir 1981

Leiðbeinandi Hrefna Ólafsdóttir 1952

Efnisorð Félagsráðgjöf

Forvarnir, Kynferðisleg misnotkun barna

Útgáfa Desember 2012

Útdráttur

Um er að ræða námskeið þar sem fullorðnum er veitt markviss þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna árangur námskeiðsins Verndarar barna.

Megindlegri rannsóknaraðferð var beitt til að kanna hvort þekking og viðhorf þátttakenda til kynferðislegrar misnotkunar ásamt forvarnaraðgerðum breytist eftir að hafa setið námskeiðið.

Rannsóknin var framkvæmd sem matsrannsókn, notast var við rannsóknarsniðið *samanburður tveggja óháðra hópa*, þar sem framkvæmd var mæling fyrir og eftir námskeið (pretest-posttest evaluation). Rannsókn þessi er forrannsókn á forvarnarverkefni gegn kynferðislegri

misnotkun barna og er hún unnin í samstarfi við Rannsóknarstofnun í Barna- og

fjölskylduvernd. **Niðurstöður rannsóknarinnar sýna** að þekking og viðhorf þátttakenda á

ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun.

Þátttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða til verndar börnum gegn kynferðislegu ofbeldi en þeir gerðu áður. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi.

<http://hdl.handle.net/1946/13545>